

Rennsli úr uppsprettum

í

Kaldárbotnum, Hafnarfirði.

Þann 24. jan. 1953 mældi ég með bæjarverkfr., Sigurði Ólafssyni og verkstj. Þorleifi Guðmundssyni, rennsli úr uppsprettum í Kaldárbotnum.

Rennslið, sem mælt var, kemur úr uppsprettum við vatnsbakka Kaldárvatns í vík við austanvert vatnið að norðan, varðandi nánari staðsetningu vísast til verkfr. eða verkstj., sem eru þarna öllum staðháttum kunnugir.

Rennslið reyndist skv. rennslismælingu nr. 431:

115 l/sek.

Bæjarverkfræðingurinn skýrði frá þeirri hugmynd að skilja víkina með grjótgarði frá aðalvatninu og lengja vatnsleiðsluna upp í víkina. Hyggst hann á þann hátt að ná alltaf hreinu vatni til vatnsveitunnar, enda þótt Kaldárvatn gruggist upp þá er stormar geisa.

Hvað viðvíkur vatnsmagni er ekkert þessu til fyrirstöðu. Garðurinn verður að vera svo hár, að öldur nái ekki yfir hann og þá verður hann að hleypa auðveldlega umfram vatni víkunnar gegnum sig. Auðvelt ætti að reynast að verja víkina gegn aðrennsli á yfirborði jarðar.

Þennan dag (24. jan.) var vatnshæðin á stíflubrún yfirfallsins neðan við Kaldárvatn 9 cm, en það svarar til um 250 l/sek rennsli úr Kaldárvatni niður í Kaldá; þá mun vatnsveitan hafa tekið nokkurt vatn. Að sögn verkstjórans var vatnshæðin á yfirfallinu nálægt 23 cm í vor og allt fram í ágúst í sumar, þ.e.a.s. rennslið hefur þá verið röskir 1000 l/sek.

Reykjavík, 26. jan. 1953.

Sigurjon Rist